

Nr. 29.

20.
október.

L ö g

um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabréf 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 30.

20.
október.

L ö g

um umboð þjóðjarða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.